

## Suzuki Connect Notendaskilmálar

Þessir notendaskilmálar gilda um aðgang og notkun þína á þeirri þjónustu sem aðgengileg er í Suzuki Connect smáforritinu, þar á meðal án takmörkunar, þann hugbúnað sem felst í forritinu (hér á eftir sameiginlega vísað til sem „smáforritið“), sem starfrækt er af eða fyrir hönd Magyar Suzuki Corporation, til heimilis að 2500 Esztergom, Schweidel JOZSEF utca 52, Ungverjalandi („MSC“, „við“, „okkur“, eða „okkar“). Í skilmálum þessum vísa hugtökin „þú“ og „þitt“ til þess einstaklings sem notar eða hefur aðgang að smáforritinu.

Þér er einungis heimilt að fá aðgang að þeim upplýsingum, efni, vörum og þjónustu sem aðgengileg er í smáforritinu ef þú telst vera notandi (eins og það hugtak er skilgreint í grein 4.2 í skilmálum þessum). Vinsamlegast lestu þessa skilmála vandlega áður en þú hefur notkun á smáforritinu. Aðgangur þinn og notkun á smáforritinu og þeim upplýsingum, efni, vörum og þjónustu sem aðgengileg er í smáforritinu er háð skilmálum þessum.

Ef þú samþykkir ekki að vera bundinn af skilmálum þessum er hvers konar aðgangur og notkun á smáforritinu óheimil. Ákveðnir þættir smáforritsins kunna að vera háðir viðbótarskilmálum sem tilgreindir eru á hverjum tíma, svo sem skilmálum forritaverslunarinnar þar sem þú sóttir smáforritið; notkun þín á slíkum þáttum er háð slíkum viðbótarskilmálum. Áður en þú færð aðgang að þeim þáttum smáforritsins sem eru háðir viðbótarskilmálum, ber þér að samþykkja þá. Skilmálar þessir mynda samning milli þín og MSC sem tekur gildi um leið og þú skráir þig sem notanda, en á því tímamarki ert þú beðinn um að samþykkja skilmála þessa með því að haka í viðeigandi reit sem birtist á því stigi í skráningarferlinu.

### 1. TÚLKUN

Fyrirsagnir á undirköflum notendaskilmála þessara eru eingöngu til viðmiðunar og hafa engin áhrif á túlkun undirliggjandi ákvæða.

### 2. BREYTINGAR Á NOTENDASKILMÁLUM ÞESSUM, SMÁFORRITINU OG HUGBÚNAÐI Í INNBYGGÐU TÆKJUNUM

- 2.1 Við kunnum að gera breytingar (þar á meðal, án takmörkunar, vegna öryggis, laga og reglna) á notendaskilmálum þessum.
- 2.2 Við munum tilkynna þér með hæfilegum fyrirvara um fyrirhugaðar breytingar með tölvupósti og/eða með tilkynningu í smáforritinu áður en breytingarnar taka gildi, og biðja þig um að samþykkja þær.
- 2.3 Í sumum tilvikum kann að vera nauðsynlegt fyrir þig að hlaða niður uppfærðri útgáfu af smáforritinu svo þú getir haldið áfram að frá aðgang að upplýsingunum, efninu, vörunum og þjónustunni sem aðgengileg er í smáforritinu.
- 2.4 Við kunnum að framkvæma uppfærslur á smáforritinu, þar á meðal öryggisuppfærslur, sem eru nauðsynlegar til þess að tryggja fylgni smáforritsins við þær lagaskyldur sem á okkur hvíla. Ef þú setur ekki upp þær uppfærslur sem gerðar eru aðgengilegar, kann að vera að fylgni smáforritsins við viðeigandi lög sé ekki tryggð og að þjónustan verði fyrir bilunum eða truflunum. Við berum enga ábyrgð á því að smáforritið sé ekki í samræmi við lög ef slíkt má rekja til vanrækslu þinnar á að setja upp viðeigandi uppfærslur, að því gefnu að við höfum tilkynnt þér um uppfærsluna og afleiðingar þess að vanrækja að setja upp slíkar uppfærslur og þar sem slíka vanrækslu er ekki að rekja til ófullnægjandi uppsetningarleiðbeininga af okkar hálfu.
- 2.5 Við kunnum jafnframt að bjóða fram aðrar uppfærslur á smáforritinu sem eru ekki eingöngu nauðsynlegar til þess að tryggja framfylgni þess við lög, að því gefnu að gild ástæða sé fyrir slíkum uppfærslum. Gild ástæða er fyrir hendi ef uppfærslan er nauðsynleg:

- (i) til þess að bæta þjónustuna; eða
- (ii) til þess að tryggja samvirkni hennar.

Við munum tilkynna þér fyrirfram um allar slíkar uppfærslur og breytingar á þjónustu sem veitt er í gegnum smáforritið. Uppfærslan mun ekki fela í sér aukinn kostnað fyrir þig. Ef uppfærsla hefur veruleg neikvæð áhrif á aðgang þinn að eða notkun þína á smáforritinu, átt þú rétt á að segja upp áskrift þinni án endurgjalds innan 30 daga frá þeim degi sem breytingarnar á smáforritinu tóku gildi í samræmi við 5.1 grein.

- 2.6 Við kunnum að framkvæma uppfærslur á hugbúnaði í innbyggðu tækjunum á ökutækinu þínu. Nema við upplýsum þig um annað, er tilgangi og öðrum upplýsingum um slíkar hugbúnaðaruppfærslur lýst í viðauka 1 hér að neðan.

### 3. ÞJÓNUSTAN

- 3.1 Lýsing á tegundum og eiginleikum þeirrar þjónustu sem aðgengileg er í gegnum smáforritið, er að finna í lýsingu smáforritsins í Apple App Store eða Google Play Store, og innan smáforritsins áður en þú skuldbindur þig til þess að greiða gjald fyrir slíka þjónustu. Þjónustan verður gerð aðgengileg fyrir þig gegn greiðslu á afnotagjaldi til okkar. Upplýsingar um þjónustuna verða veittar fyrir kaupin. Um kaupin og uppsögn þjónustunnar gilda viðeigandi skilmálar Apple App Store (sem hægt er að nálgast hér: <https://support.apple.com/en-is/118428>) eða skilmálar Google Play Store (sem hægt er að nálgast hér: [https://play.google.com/intl/ALL\\_is/about/play-terms/](https://play.google.com/intl/ALL_is/about/play-terms/)) (sameiginlega „skilmálar forritaverslana“), eftir því sem við á (út frá því hvar smáforritið var sótt). Þú verður beðinn um að samþykkja þessa skilmála áður en þú greiðir afnotagjaldið og áður en við veitum þér þjónustuna.

- 3.2 Þú samþykkir og gerir þér grein fyrir að hluti þeirrar þjónustu sem í boði er virkar aðeins á svæðum þar sem við höfum þriðja aðila sem veitir netþjónustu fyrir þá hluta þjónustunnar sem um ræðir, og aðeins ef netþjónustuveitandinn býr yfir tæknilegu samhæfi við smáforritið, útbreiðslu, netflutningsgetu, og þar sem fullnægjandi móttökuskilyrði eru fyrir hendi þegar og þar sem þú reynir að fá aðgang að þjónustunni. Þjónusta, sem notar staðsetningarupplýsingar, virkar aðeins ef GPS gervihnattamerki eru óhindruð, aðgengileg á svæðinu og samrýmanleg kerfi hins skráða ökutækis (samkvæmt skilgreiningu í 5.4 gr.) og/eða smáforritsins. Til viðbótar eru net og kerfi netþjónustuveitanda háð tæknilegum breytingum og þróun. Við veitum þér ekki neina nettengingu í gegnum smáforritið. Slík tenging er veitt af þriðja aðila sem býður upp á netþjónustu.

- 3.3 Þú gætir þurft að samþykkja eða veita smáforritinu heimild til að fá aðgang að nauðsynlegum eiginleikum í snjallsímanum þínum til þess að smáforritið virki sem skyldi, þar á meðal:

- (i) staðsetningargögnum; og
- (ii) virkja tilkynningar.

### 4. SKRÁNING OG LYKILORÐ

- 4.1 Þú verður að vera 18 ára eða eldri til þess að fá aðgang að og nota smáforritið, nema foreldri þitt eða forsjáraðili hafi veitt samþykki fyrir því.

- 4.2 Til þess að nota smáforritið verður þú að skrá þig sem notanda (“notandi”). Til þess að verða notandi, verður þú að fylla út skráningareyðublaðið sem birtist í smáforritinu með umbeðnum upplýsingum og jafnframt búa til notendanafn og lykilorð. Þú samþykkir að þú berð ábyrgð á því að tryggja leynd aðgangsupplýsinga þinna og ábyrgð á hvers konar tjóni sem við eða aðrir aðilar verða fyrir vegna notkunar annarra aðila á aðgangsupplýsingum þínum, sem rekja má til vanefnda þinna á skyldu til að grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja öryggi og leynd aðgangsupplýsinganna.

- 4.3 Notandinn, sem er aðalnotandinn sem skráir sig inn í smáforritið (“**aðalnotandi**”), getur veitt aukanotanda („**aukanotandi**“) aðgang að aðgangi sínum með því að fylgja leiðbeiningunum í smáforritinu og aukanotandinn verður beðinn um að stofna sinn eigin aðgang eins og líst er hér að ofan. Aðalnotandi getur takmarkað heimildir aukanotanda innan smáforritsins. Aukanotandi telst til notanda í skilningi skilmála þessara og fellur því undir ákvæði skilmálanna líkt og hann væri notandi.

## 5. UPPSÖGN

- 5.1 Til þess að nýta þér rétt þinn til að hætta notkun smáforritsins samkvæmt greinum 2.15, 5.24, 17.1 eða 19, verður þú að tilkynna okkur um það (i) með því að fara í „stillingar“ hluta stýrikerfisins, ef forritið var sótt í gegnum Apple App Store, eða (ii) í gegnum Google Play, ef það var sótt í gegnum Google Play Store.
- 5.2 Um uppsögn á þegar greiddri áskriftarleið, ef við á, fer samkvæmt viðeigandi skilmálum umræddrar forritaverslunar. Þar að auki eiga báðir aðilar rétt á að mótmæla sérhverri sjálfvirkri endurnýjun áskriftarleiðar.
- 5.3 Réttur beggja aðila til að rifta samningi af réttmætum ástæðum helst óhaggaður.
- 5.4 Þegar notandi er ekki lengur eigandi að því Suzuki ökutæki sem hann hefur skráð á notendaaðgang sinn („**skráða ökutækið**“) (þ.e. vegna sölu, tjóns eða sambærilegra atvika), skal notandi segja upp smáforritinu með því fylgja leiðbeiningum í smáforritinu eða á aðgangsheimasíðu sinni. Ef notandi framfylgir ekki fyrirmælum þessarar greinar er okkur heimilt að rjúfa aðgang notanda að þeirri þjónustu sem honum er aðgengileg í smáforritinu án tafar.

## 6. RÉTTUR TIL AÐ FALLA FRÁ SAMNINGI

### 6.1 Réttur til að falla frá samningi

- 6.2 Þú hefur rétt til þess að falla frá samningnum innan fjórtán (14) daga án sérstakra ástæðna. Frestur til að falla frá samningi rennur út 14 dögum eftir dagsetningu samningsgerðar. Til þess að nýta þér rétt þinn til að falla frá samningi ber þér að tilkynna okkur (Magyar Suzuki Corporation, 2500 Esztergom, Schweidel JOZSEF utca 52, Ungverjalandi, info-suzukiconnect@suzuki.hu) um ákvörðun þína um að falla frá samningi þessum með afdráttarlausri yfirlýsingu (t.d. með bréfpósti eða tölvupósti). Þér er heimilt, en ónauðsynlegt, að nota meðfylgjandi staðlað uppsagnareyðublað. Til að vera innan frestsins nægir að þú sendir tilkynningu um að þú hyggist nýta rétt þinn til að falla frá samningi áður en fresturinn rennur út. **Áhrif uppsagnar**

Ef þú fellur frá samningi, ber okkur að endurgreiða þér allar greiðslur sem þú hefur innt af hendi, þar á meðal sendingarkostnað (en þó ekki viðbótarkostnað sem fallið hefur til vegna ákvörðunar þinnar um að óska sérstaklega eftir öðrum afhendingarmáta en ódýrasta afhendingarmátanum sem í boði var), án tafar og eigi síðar en fjórtán dögum eftir þann dag sem okkur barst tilkynning um ákvörðun þína um að falla frá samningnum. Við munum inna af hendi endurgreiðslu með því að nota sama greiðslumiðil og þú notaðir við upphaflega skráningu nema þú hafir samþykkt annað sérstaklega; í öllu falli munt þú ekki bera neinn kostnað af slíkri endurgreiðslu.

### 6.3 Staðlað uppsagnareyðublað

(fylltu út og skilaðu þessu eyðublaði ef þú vilt falla frá samningnum)

- Til Magyar Suzuki Corporation, 2500 Esztergom, Schweidel JOZSEF utca 52, Ungverjalandi, info-suzukiconnect@suzuki.hu:
- Ég/við (\*) tilkynni/tilkynnum hér með að ég/við (\*) óska/óskum eftir að falla frá (\*) samningi mínum/okkar um veitingu á eftirfarandi þjónustu,

- Pöntuð hinn (\*)/móttækin hinn (\*),
- Nafn neytanda/neytenda,
- Heimilisfang neytanda/neytenda, —
- Undirritun neytanda/neytenda (einungis ef þetta eyðublað er á pappíriformi), —
- Dagsetning.

## 7. UPPLÝSINGAR FRÁ ÞÉR

Þegar þú veitir okkur upplýsingar um þig sjálfa/n þar með talið en ekki takmarkað við þegar þú skráir þig sem notanda, samþykkir þú að:

- a) veita nákvæmar og réttar upplýsingar um þig og uppfæra þær tafarlaust eftir þörfum og ekki veita upplýsingar í því skyni að villa á þér heimildir og þykjast vera annar einstaklingur;
- b) bera ein/n ábyrgð á aðgangsupplýsingum þínum og notkun þinni (þar á meðal notkun annarra sem þú veitir heimild til að nota aðgang þinn og notkun aukanotenda á þeirra eigin aðgangi); og
- c) tilkynna okkur um hvers kyns öryggisbrot eða óleyfilega notkun á aðgangi þínum.

Ef þú veitir upplýsingar um þig sem eru ósannar eða ónákvæmar, eða ef við höfum rökstuddan grun um að upplýsingar séu ósannar eða ónákvæmar, áskiljum við okkur rétt til þess að loka eða segja upp áskrift þinni sem notanda, hafna því að veita þér þjónustu innan smáforritsins, og/eða hafna núverandi eða framtíðarnotkun á smáforritinu eða tilteknum hlutum þess.

## 8. PERSÓNUUPPLÝSINGAR

Persónuupplýsingar sem skráðar eru í smáforritið verða unnar í samræmi við persónuverndarstefnu okkar, sem finna má á eftirfarandi vefslóð: <https://wb01cs.sc.eur.connect.suzuki/portal/countryList?type=policy>

## 9. HÖFUNDARÉTTUR, VÖRUMERKI OG EIGNARRÉTTUR

- 9.1 Allt efni sem er sýnt eða birt í smáforritinu, þar á meðal en ekki takmarkað við texta, grafík, ljósmyndir, myndir, hreyfimyndir, hljóð, myndskreytingar, og allt annað efni sem þar er að finna (hér á eftir vísað til sem “**efnið**”) er háð eignarrétti MSC eða leyfisveitenda þess (sem kann að fela í sér aðra notendur). MSC eða leyfisveitendur þess teljast eigendur og eiga öll réttindi að smáforritinu og efninu.
- 9.2 Öll vörumerki, þjónustumerki og firmaheiti MSC eða hlutdeildarfélag, samstarfsaðila, söluaðila, eða leyfisveitenda MSC, hvort sem þau eru skráð eða óskráð, sem notuð eru sem hluti af eða í tengslum við smáforritið (þar á meðal en ekki takmarkað við: heiti fyrirtækis og merki þeirra) (hér á eftir sameiginlega vísað til sem “**merkin**”) eru vörumerki eða skráð vörumerki MSC eða hlutdeildarfélag, samstarfsaðila, söluaðila, eða leyfisveitenda. Þér er óheimilt að nota, afrita, endurgera, endurbirta, upphlaða, senda, dreifa, eða breyta merkjunum (þar á meðal merki sem hlekk á eða til annarra smáforrita) á nokkurn hátt án fyrirfram skriflegs samþykkis okkar.
- 9.3 Við veitum þér takmarkaðan, persónulegan, afturkallanlegan og óframseljanlegan rétt til aðgangs að og notkunar smáforritsins og efnisins í samræmi við notendaskilmála þessa. Rétturinn felur ekki í sér einkarétt þinn og er undirleyfisveiting óheimil. Við veitum þér leyfi að smáforritinu og efninu en það er ekki selt þér. Leyfisveiting á hvers konar hugbúnaði innan smáforritsins er eingöngu veitt á viðfangskóðasniði. Þér er óheimilt að nota smáforritið og

efnið á annan hátt en í samræmi við ætlaðan tilgang þess. Nema annað sé tekið fram í notendaskilmálum þessum samþykkir þú að hvers konar notkun á smáforritinu og efninu sem er ekki í samræmi við ætlaðan tilgang þess er á þína eigin ábyrgð og að MSC mun ekki bera ábyrgð á neinum afleiðingum slíkrar óheimilar notkunar.

9.4 Þú mátt hvorki, né gera öðrum aðilum kleift að, breyta smáforritinu eða efni þess, eða afrita, dreifa, senda, birta, fjölfalda, veiti leyfi að, búa til afleidd verk frá, miðla, leigja, veita þjónustu að eða selja smáforritið eða efni þess. Til viðbótar mátt þú hvorki, né gera öðrum kleift að, (i) fjarlægja eða eyðileggja eignarmerki MSC eða þriðja aðila sem kunna að vera á íhlutum smáforritsins eða efnisins, eða (ii) vendismíða, taka í sundur, afþýða, aðlaga, afkóða eða á annan hátt reyna eða í raun afla, fá aðgang að, skoða eða nota á nokkurn hátt frumkóða smáforritsins í heild eða hluta.

## 10. HÁTTSEMI ÞÍN

10.1 Þú samþykkir í hvívetna að fara eftir öllum viðeigandi lögum, reglum og reglugerðum sem eiga við um aðgang þinn og notkun á smáforritinu.

10.2 Þú samþykkir að þú munir ekki:

- (i) nota smáforritið á ólöglegan hátt, í ólöglegum tilgangi, eða á einhvern þann hátt sem samræmist ekki skilmálum þessum, né hegða þér sviksamlega eða í illum tilgangi;
- (ii) brjóta gegn hugverkarétti okkar eða rétti þriðja aðila í tengslum við notkun þína á smáforritinu;
- (iii) senda efni sem er ærumeiðandi, móðgangi eða á annan hátt óviðeigandi í tengslum við notkun þína á smáforritinu;
- (iv) senda inn margar notendaskráningar fyrir einn einstakling;
- (v) grípa til ráðstafana sem trufla virkni smáforritsins, stofna öryggi þess í hættu eða skemma það á annan hátt eða það efni og upplýsingar sem aðgengilegar eru í smáforritinu;
- (vi) reyna að fá óviðkomandi aðgang að einhverjum hlutum eða eiginleikum smáforritsins, öðrum kerfum sem tengd eru smáforritinu, netþjónum okkar eða þjónustuaðila okkar eða annarri þjónustu sem boðin er í smáforritinu, þar á meðal með því að hjakka, grafa eftir lykilorðum eða með öðrum ólögætum hætti;
- (vii) rannsaka, skanna eða prófa veikleika smáforritsins eða þeirra netkerfa sem tengd eru við það, eða fara framhjá auðkenningarráðstöfunum sem til staðar eru í smáforritinu eða þeim netkerfum sem tengd eru við það;
- (viii) nota sjálfvirkar aðferðir til þess að safna upplýsingum eða efni frá eða að öðru leyti fá aðgang að smáforritinu á annan hátt, þar á meðal með tækni sem þekkt er sem vélmenni, köngulær, eða sköfunarbúnaður án okkar samþykkis.
- (ix) safna eða á annan hátt geyma upplýsingar um aðra notendur smáforritsins, þar á meðal en ekki takmarkað við netfang; og
- (x) trufla virkni smáforritsins eða netþjóna eða netkerfa sem tengd eru við smáforritið eða fara ekki eftir kröfum, verklagsreglum, stefnum og reglugerðum hvers konar netþjóna eða netkerfa sem tengd eru við smáforritið.

## 11. VIRKNI SMÁFORRITSINS OG UPPSÖGN NOTENDASKILMÁLA ÞESSARA

11.1 Hvorki MSC né hlutdeildarfélag þess ábyrgjast að virkni smáforritsins verði ótrufluð og laus við villur.

11.2 Við áskiljum okkur rétt til að grípa til eftirfarandi ráðstafana, hvenær sem er, með eða án fyrirvara:

(i) breyta, stöðva eða loka fyrir aðgang þinn smáforritinu, í heild eða hluta, eða segja upp samningi við þig samkvæmt skilmálum, þessum vegna:

- brota þinna notendaskilmálum þessum;
- þess að lög, stjórnvöld eða önnur yfirkvöld krefjast þess; eða
- óvæntra öryggis eða tæknilegra bilana eða vandamála; eða

(ii) til að rjúfa reglubundna virkni smáforritsins, eða hluta þess, eins og nauðsynlegt er til þess að framkvæma reglubundið eða óreglubundið viðhald eða til að leiðrétta villur.

11.3 Í tilviki brota á skilmálum þessum, munum við einungis loka á aðgang þinn að smáforritinu og skilmálunum eftir að órangursríkur aðlögunartími semhefur verið veittur rennur út eða eftir árangurslausa aðvörun. Okkur er hins vegar ekki skylt að veita aðlögunartíma eða aðvörun ef þú vanrækir alvarlega að uppfylla skyldur þínar samkvæmt skilmálum þessum eða, að teknu tilliti til hagsmuna okkar beggja, ef sérstakar kringumstæður réttlæta fyrirvaralausar uppsögn notendaskilmála þessara. Við uppsögn samnings okkar við þig samkvæmt skilmálum þessum af hvaða ástæðu sem er:

- (i) munu öll réttindi sem þér er veitt samkvæmt skilmálum þessum falla niður án tafar; og
- (ii) ber þér að láta tafarlaust af öllum athöfnum sem skilmálar þessir veita þér heimild til, þar á meðal en ekki takmarkað við notkun á smáforritinu.

11.4 Sérhver ákvæði notendaskilmála þessara sem beinlínis kveða á um eða gefa í skyn að skuli taka gildi eða halda gildi sínu við eða eftir uppsögn á samningi þessum skulu halda gildi sínu eftir að samningi okkar samkvæmt skilmálum þessum líkur. Þar á meðal eru eftirfarandi ákvæði:

Grein 1 um túlkun

Grein 4 um skráningu og lykilorð

Grein 8 um persónuupplýsingar

Greinar 9.1, 9.4, og 2.3 um höfundarétt og eignarrétt

Grein 11 um virkni smáforritsins og uppsögn notendaskilmála þessara

Grein 12 um ábyrgð á tjóni

Grein 14 um lög og lögsögu

Grein 15 um sjálfstæði einstakra greina

Grein 16 um afsal

Grein 18 um réttindi þriðju aðila

Grein 22 um rafræn samskipti

Grein 23 um að hafa samband

## 12. **ÁBYRGÐ Á TJÓNI**

12.1 Veiting smáforritsins er háð samræmisábyrgð sem felur í sér að það er veitt í samræmi við ákvæði skilmála þessara og viðeigandi laga á meðan smáforritið stendur til boða. Ef þú ert

neytandi innan ESB/EES-svæðisins átt þú rétt á gildandi lögbundnum ábyrgðarréttindum ef smáforritið er ekki í samræmi við samninginn.

- 12.2 Við munum reyna að tryggja öryggi smáforritsins og að það innihaldi ekki vírusa eða aðra skaðlega eiginleika (til dæmis kunnum við að innleiða öryggiseiginleika í smáforritið); hins vegar getum við hvorki ábyrgst að svo verði né að tæki þitt eða annað stafrænt efni verði ekki fyrir tjóni. Ef okkur tekst ekki að viðhalda öryggi smáforritsins og þú verður fyrir tjóni og/eða skemmdir verða á tækinu þínu og/eða öðrum eignum vegna smáforritsins, munum við bera ábyrgð á því tjóni og/eða skemmdum. Hins vegar berum við ekki ábyrgð á tjóni sem þú hefur geta komist hjá með því að fylgja leiðbeiningum okkar um að virkja uppfærslu sem þér er boðið að kostnaðarlausu, eða tjóni sem stafar af því að þú fylgdir ekki réttum leiðbeiningum um uppsetningu, að því tilskildu að við höfum upplýst þig um uppfærsluna og afleiðingar þess að setja hana ekki upp, og að vanræksla þín á að setja viðkomandi uppfærslu upp hafi ekki stafað af göllum í uppsetningarleiðbeiningum sem við veittum, eða virkjaðir ekki lágmarks kerfiskröfur sem við ráðleggjum.
- 12.3 Til að taka af allan vafa skal ekkert í þessum notendaskilmálum takmarka eða útiloka ábyrgð okkar á:
- (i) dauða eða líkamstjóni sem stafar af vanrækslu okkar;
  - (ii) svikum eða sviksamlegum rangfærslum; eða
  - (iii) sérhverri annarri ábyrgð sem ekki er hægt að útiloka eða takmarka samkvæmt gildandi lögum.
- 12.4 Smáforritið er eingöngu ætlað til persónulegra nota og einkanota. Ef þú notar smáforritið í atvinnuskyni eða til endursölu, með fyrirvara um grein 12.3, berum við enga ábyrgð gagnvart þér vegna tapaðs hagnaðar, tapaðra viðskipta, truflana á viðskiptum eða tapaðra viðskiptatækifæra. Við slíkar aðstæður verður notkun þinni á smáforritinu tafarlaust sagt upp af okkar hálfu.
- 12.5 Greiningargögn um hið skráða ökutæki, sem við veitum í tengslum við ástandsskoðun ökutækisins, eru takmörkuð við sérstakar upplýsingar sem fengnar eru frá hinu skráða ökutæki. Slík greiningargögn eru ætluð til notkunar til viðbótar við (en ekki í staðinn fyrir) framkvæmd reglulegra, handvirkra athugana á hinu skráða ökutæki. Smáforritið og eiginleikar þess skulu ekki vera það eina sem miðað er við til þess að ákvarða ástand, öryggi og/eða umferðarhæfni hins skráða ökutækis. MSC ber ekki ábyrgð samkvæmt þessum skilmálum á tjóni sem leiðir af bilunum tengdum skráða ökutækinu sem stafa ekki af smáforritinu (og vegna slíkra bilana skal beina kröfu samkvæmt þeim samningi sem gildir um kaup þín á skráða ökutækinu). Við ábyrgjumst ekki hæfni smáforritsins til þess að tilkynna um galla eða vandamál í hinu skráða ökutæki. Notandinn samþykkir að hann/hún beri ein/n ábyrgð á reglulegum skoðunum hins skráða ökutækis og muni láta framkvæma slíkt þegar þörf er á og í öllum tilvikum í samræmi við notendahandbókina og gildandi lög og reglur.

### 13. TENGLAR Á VEFSÍÐUR ÞRIÐJA AÐILA/ÞJÓNUSTU ÞRIÐJA AÐILA

- 13.1 Smáforritið gæti innihaldið tengla á eina eða fleiri vefsíður í eigu þriðja aðila og annað stafrænt efni (“**tengdar síður**”). Hinar tengdu síður eru ekki undir stjórn MSC og berum við enga ábyrgð því efni sem birtist á tengdum síðum, þ.m.t. og án takmörkunar, öðrum tenglum sem birtast á tengdum síðum eða öðrum breytingum eða uppfærslum sem verða á tengdum síðum. Við veitum þér hinar tengdu síður eingöngu til hægðarauka, og tilvísun í tengda síðu þýðir ekki að við styðjum hina tengdu síðu eða tengjumst rekstraraðilum hennar. Vinsamlegast veittu því athygli þegar þú opnar tengda síðu og lestu viðeigandi notendaskilmála og persónuverndarstefnu vandlega.
- 13.2 Notkun þín á smáforritinu og efni þess kann að krefjast eða notast við hugbúnað, vélbúnað, upplýsingar og/eða annað efni sem er ekki í eigu eða þróað eða framleitt af MSC

(sameiginlega “efni þriðja aðila”). Efni þriðja aðila kann að vera háð viðbótar notendaskilmálum frá þeirra leyfisveitendum eða öðrum veitendum (sem þér ber skylda til að samþykkja áður en þú nálgast eða hefur notkun á efni þriðja aðila), og þú (en ekki MSC) berð ein/n ábyrgur á að afla þeirra leyfa og réttinda samkvæmt viðeigandi skilmálum sem þarf svo hægt sé að nota efni þriðja aðila.

## 14. LÖG OG LÖGSAGA

14.1 Notendaskilmálar þessir lúta lögum Englands og Wales og skal túlka þá í samræmi við þau. Ef búsetustaður þinn er hins vegar í öðru Evrópu-, ESB- eða EES-landi, mun ófrávíkjanleg innlend neytendaverndarlöggjöf slíks lands haldast óbreytt og gilda í þínu tilviki. Þú getur leitað til dómstóla í Englandi vegna hvers kyns ágreinings, sem upp kann að koma, eða til þar til bættra dómstóla í búsetulandi þínu.

14.2 Þegar okkur er skylt að gera slíkt samkvæmt gildandi lögum í landi notandans, hvar þeir fá aðgang að smáforritinu, erum við reiðubúin að taka þátt í málsmeðferð við lausn deilumála fyrir sáttanefnd neytenda. Viðeigandi sáttanefndir neytenda fyrir hvert lögsagnarumdæmi skulu skráðar í viðauka 2 hér að neðan. Þar sem við erum ekki lagalega skyldug til þess, erum við ekki reiðubúin til að taka þátt í valkvæðri málsmeðferð við lausn deilumála fyrir gerðardómi neytenda.

## 15. SJÁLFSTÆÐI EINSTAKRA GREINA

Sérhver málsgrein þessara notendaskilmála heldur gildi sínu óháð öðrum. Ef einhver dómstóll með lögsögu eða hlutaðeigandi yfirvald ákveður að einhver málsgrein eða hluti málsgreinar teljist ólöglegur eða ófullnustuhæfur, mun slíkri málsgrein eða hluta af málsgrein verða eytt að því marki sem nauðsynlegt er. Eftirstöðvar málsgreinar (og aðrir hlutar málsgreina) skulu þó halda fullu gildi sínu.

## 16. AFSAL

Sérhver töl eða misbrestur okkar á því að framfylgja ákvæðum notendaskilmála þessara felur ekki í sér afsal á slíkum rétti af okkar hálfu og áskiljum við okkur rétt til að framfylgja þeim síðar.

## 17. FRAMSAL NOTENDASKILMÁLA ÞESSARA

17.1 Við kunnum að framselja réttindi okkar og skyldur samkvæmt notendaskilmálum þessum til annarrar stofnunar. Við munum upplýsa þig fyrirfram ef slíkt framsal á sér stað (þar á meðal án takmarkana með sérstakri færslu í smáforritinu). Ef þú samþykkir ekki framsalið er þér heimilt að segja upp áskrift þinni að smáforritinu og þessum notendaskilmálum hvenær sem er með því að tilkynna okkur um það, eins og lýst er í grein 5.1.

17.2 Þú mátt ekki framselja réttindi þín og skyldur samkvæmt notendaskilmálum þessum til nokkurs annars einstaklings eða stofnunar. Þetta á ekki við um peningakröfu sem þú kannt að eiga á hendur okkur og á ekki við um aðrar kröfur, ef við höfum ekki lögmæta hagsmuni af því að undanskilja framsal á réttindum og skyldum eða ef lögmætir hagsmunir þínir af framsali réttinda og skyldna vega þyngra en lögmætir hagsmunir okkar af því að koma í veg fyrir framsal.

## 18. RÉTTINDI ÞRIÐJA AÐILA

18.1 Enginn annar en þú eða við mega framfylgja og fullnusta notendaskilmálum þessum.

## 19. ÞJÓNUSTUBREYTINGAR

Við áskiljum okkur rétt til þess að gera uppfærslur og breytingar á þjónustu okkar sem er gerð aðgengileg í gegnum smáforritið. Slíkar uppfærslur eða breytingar munu ekki hafa neikvæð áhrif á fylgni smáforritsins við viðeigandi lög og munu ekki hafa í för með sér aukinn kostnað



fyrir þig. Við munum upplýsa þig með hæfilegum fyrirvara um sérhverja slíka breytingu eða lagfæringar.

Ef slíkar breytingar eða uppfærslur hafa í för með sér verulegar neikvæðar afleiðingar fyrir aðgang þinn að eða notkun á smáforritinu, átt þú rétt á að segja þjónustunni upp án endurgjalds innan 30 daga frá þeim degi sem þær taka gildi, í samræmi við grein 5.1.

## 20. ALMENNT

- 20.1 Úrræðin sem kveðið er á um í notendaskilmálum þessum eru uppsöfnuð og útiloka ekki beitingu annarra úrræða sem kveðið er á um í lögum.
- 20.2 Skjalið sem endurskapar notendaskilmála þessa er varðveitt á varanlegum miðli í formi myndar og við öryggisskilyrði sem almennt eru talin áreiðanleg. Þú getur gert rafrænt öryggisafrit eða prentað út eintak af notendaskilmálunum hvenær sem er og er þér eindregið ráðlagt að gera slíkt. Að þessu leyti skulu notendaskilmálar þessir vera álitnir sönnun fyrir samningnum milli þín og okkar. Þú viðurkennir að ekki er hægt að véfengja sönnunargildi þessa skjals á þeirri forsendu einni að það sé á rafrænu formi.

## 21. TILKYNNINGAR OG EYÐING

- 21.1 Ef þú telur að efnið sé ærumeiðandi, ruddalegt, brjótí í bága við hugverkaréttindi eða á annan hátt ólöglegt, getur þú tilkynnt dreifingaraðila/umboðsaðila Suzuki í viðkomandi landi um slíkt (samskiptaupplýsingar hvers má finna hér: <https://www.globalsuzuki.com/globallinks/>) („tilkynningarferlið“).
- 21.2 Þegar þú tilkynnir slíkt, ertu vinsamlegast beðin/n um að gefa upp eins miklar upplýsingar og mögulegt er, þar á meðal skaltu tilgreina þau réttindi sem þú telur að brotið hafi verið gegn, tilgreina móðgandi efni í smáforritinu svo við getum haft upp á því, tilgreina ástæðurnar fyrir því að þú telur efnið ærumeiðandi, ruddalegt, brjóta gegn hugverkarétti eða á annan hátt ólöglegt og jafnframt gefa upp tengiliðaupplýsingar þínar.
- 21.3 Við munum bregðast við eins fljótt og mögulegt er og kunnum að fjarlægja eða loka aðgangi að efniinu sem kvartað er yfir í kjölfar tilkynningarferlisins.

## 22. RAFRÆN SAMSKIPTI

- 22.1 Þú samþykkir að MSC megi senda þér tilkynningar um aðgang þinn, smáforritið og/eða notendaskilmála þessa með rafrænum hætti, með símtölum, með SMS-skilaboðum eða textaskilaboðum, tölvupósti, með færslum í smáforritinu eða á annan hátt skriflega. Venjulegt farsíma-, skilaboða- eða gagnagjald kann að eiga við og berð þú ábyrgð á öllum gjöldum sem stofnað er til. Þú samþykkir að allir samningar, tilkynningar, upplýsingar og önnur samskipti sem við sendum þér rafrænt uppfylli allar lagalegar kröfur um að slík samskipti skuli vera skrifleg, að því marki sem lög leyfa. Þú samþykkir að við megum senda skilaboð til þín í þeim tilgangi að upplýsa þig um breytingar eða viðbætur við smáforritið eða í öðrum tilgangi sem við teljum viðeigandi og leyfilegt samkvæmt lögum. Öll rafræn samskipti verða talin hafa borist þér innan 24 klukkustunda frá því að við vekjum athygli þína á þeim. Okkur er heimilt að gera ráð fyrir að þú hafir fengið allar tilkynningar sem sendar eru til þín með pósti 3 virkum dögum eftir að við sendum þær.

## 23. HAFÐU SAMBAND

- 23.1 Ef þú hefur einhverjar spurningar um notendaskilmála þessa, vinsamlegast hafðu samband við dreifingaraðila/umboðsaðila Suzuki í viðkomandi landi. Dreifingaraðila/umboðsaðila Suzuki í viðkomandi landi má finna hér. <https://www.globalsuzuki.com/globallinks/>.
- 23.2 Þessir notendaskilmálar voru síðast uppfærðir 12. september 2025.

## Viðauki 1

Kaflar (a) ~ (e) í töflunni hér að neðan veita upplýsingar um eftirfarandi atriði varðandi hugbúnaðaruppfærslur á ökutækinu þínu:

- (a) Tilgangur uppfærslanna;
- (b) Allar breytingar á virkni ökutækisins sem uppfærslurnar hafa í för með sér;
- (c) Áætlaður tími til að ljúka framkvæmd uppfærslanna;
- (d) Hvers kyns virkni ökutækis sem gæti ekki verið tiltæk á meðan að uppfærslur eru framkvæmdar; og
- (e) Allar leiðbeiningar sem gætu hjálpað notanda ökutækisins að framkvæma uppfærslurnar á öruggan hátt.

(a)	<p>(i) Til að hefja notkun þína á smáforritinu</p> <p>(ii) Til að hætta eða stöðva notkun þína á smáforritinu</p> <p>(iii) Til að safna upplýsingum um ökutækið þitt</p> <p>(iv) Til að uppfæra stillingar innbyggðra tækja í ökutækinu þínu eins og fram kemur í liðum (i) ~ (iii) hér fyrir framan eftir að skipt hefur verið um slíkt tæki eða slík tæki á þjónustuverkstæði</p>
(b)	<p>(Hver undirkafli í lið (i) ~ (iv) í kafla (a) hér fyrir ofan samsvarar liðnum með sama númeri í þessum kafla (b).)</p> <p>(i) Virkja tengivirkni innbyggðra tækja í ökutækinu þínu.</p> <p>(ii) Slökkva á tengivirkni innbyggðra tækja í ökutækinu þínu.</p> <p>(iii) Uppfæra stillingar fyrir söfnun ökutækjaupplýsinga í innbyggðum tækjum ökutækis þíns</p> <p>(iv) Sama og fram kemur í lið (a) hér fyrir framan</p>
(c)	<p>Tíminn sem þarf til þess að hlaða niður og uppfæra hugbúnaðinn fer eftir móttökuskilyrðum, netflutningsgetu og stöðu innbyggðu tækjanna. Því getur tíminn sem þarf til þess að framkvæma uppfærslurnar verið breytilegur frá nokkrum mínútum upp í nokkrar klukkustundir.</p>
(d)	<p>Þú getur notað aðra eiginleika innbyggðu tækjanna á öruggan hátt á meðan uppfærslur eru framkvæmdar.</p>
(e)	<p>Sama og kemur fram í lið (d) hér að ofan</p>

## Viðauki 2

### Tékkland

Tékkneska viðskiptaeftirlitsstofnunin, með aðsetur á Štěpánská 567/15, 120 00 Prag 2, [www.coi.cz](http://www.coi.cz).

### Eistland

Eistneska neytendamálanefndin

Netfang: [avaldu@komisjon.ee](mailto:avaldu@komisjon.ee)

Heimilisfang: Endla 10A, 10122 Tallinn

Vefsíða: <https://ttja.ee/en/consumer-disputes-committee>

### Finnland

Finnska neytendamálanefndin

Hämeentie 3

P.O. Box 306

00531 HELSINKI

tel. +358 29 566 5200

### Litháen

Neytendaverndareftirlitið (SCRPA)

Vilniaus g. 25, 01402 Vilnius, Litháen

vefsíða: [www.vvtat.lt](http://www.vvtat.lt).

### Lúxemborg

Service national du Médiateur de la consommation

Heimilisfang: Ancien Hôtel de la Monnaie, 6 rue du Palais de Justice, L-1841 Lúxemborg.

Sími : +352 46 13 11

Fax: + 352 46 36 03

netfang: [info@mediateurconsommation.lu](mailto:info@mediateurconsommation.lu)

### Svíbjóð

Almenna auglýsinganefndin eða "ARN". sjá heimasíðu: <https://www.arn.se/>.

## Almennir skilmálar Suzuki um gagnamiðlun

Taka gildi 12. september 2025

Þessir skilmálar („skilmálar“) gilda um aðgang þinn og notkun á gögnum sem þú færð frá Suzuki Motor Corporation, staðsett á 300 Takatsuka-Cho, Chuo-ku, Hamamatsu-shi, Shizuoka-ken, Japan („gagnaeygjandi“) í samræmi við reglugerð (ESB) 2023/2854 („gagnareglugerðin“). Framangreint hugtak „þú“ vísar til einstaklings eða lögaðila sem óskar eftir að fá aðgang að gögnum með því að senda inn beiðni á þar til gerðu eyðublaði á vefsíðu gagnaeiganda („eyðublað“) eða með öðrum hætti („notandi“). Til gagnaeiganda og notanda er hvort um sig vísað til sem „aðili“ en sameiginlega „aðilar“.

\*Eyðublaðið má nálgast á [https://www.globalsuzuki.com/cookies/confirm/index\\_datasharing.html](https://www.globalsuzuki.com/cookies/confirm/index_datasharing.html).

### **1. Vörur/tengdar þjónustur**

Þessir skilmálar eru gerðir með tillit til:

- (a) eftirfarandi tengdra vara („vörurnar“): SUZUKI- bifreiðar, mótörhjól og utanborðsmótorar; og
- (b) eftirfarandi tengdra þjónusta („tengdar þjónustur“): tengdar þjónustur fyrir vörurnar sem tilgreindar eru í sérstöku samkomulagi.

Notandi lýsir því yfir að hann sé annað hvort eigandi varanna og/eða eigi rétt á tengdum þjónustum samkvæmt þjónustusamningi.

Berist rökstudd beiðni, skuldbindur notandi sig til þess að útvega gagnaeiganda öll nauðsynleg gögn því til stuðnings, þegar þess gerist þörf.

### **2. Gögn sem þessir skilmálar taka til**

Gögnin sem þessir skilmálar taka til („gögn“ eða „gögnin“) samanstanda af öllum aðgengilegum vörugögnum, s.s. gögn um bilanagreiningar, sem og gögnum um tengdu þjónusturnar s.s. gögn sem verða til við veitingu þjónustu vegna varanna, í skilningi gagnareglugerðarinnar.

Gögnin sem kunna að vera aðgengileg notanda, eru gögn í eigu gagnaeiganda eða dreifingaraðila og söluaðila á hans vegum og taka til gagna sem aflað er:

- (i) með greiningartækjum vörunnar hjá dreifingaraðilum og söluaðilum;
- (ii) í samræmi við gildandi lög og reglugerðir s.s. Evrópureglugerð um rafhlöður og rafgeyma;
- (iii) í gegnum tengda þjónustu;
- (iv) í gegnum leiðsögukerfi um gervihnött (þar á meðal netútgáfur).

Nánari upplýsingar um gögnin verða veittar notanda sérstaklega af gagnaeiganda.

### **3. Notkun og miðlun gagna af hálfu gagnaeiganda**

#### **3.1 Samþykkt notkun ópersónugreinanlegra gagna af gagnaeiganda**

3.1.1 Gagnaeygjandi skuldbindur sig til þess að nota gögnin, sem eru ópersónugreinanleg, eingöngu í þeim tilgangi sem notandi hefur samþykkt, sem hér segir:

- (a) til að standa við samning við notanda eða til að framkvæma aðgerðir sem tengjast slíkum samningi (t.d. útgáfa reikninga, gerð og afhending skýrsla eða greininga, fjárhagsáætla, áhrifamats, útreikningur á hlut starfsmanna);
- (b) til að veita stuðning, ábyrgð, tryggingu eða svipaða þjónustu eða til að meta kröfur notanda, gagnaeiganda eða þriðja aðila (t.d. varðandi vörubílanir) sem tengjast vörunum eða tengdri þjónustu;
- (c) til að fylgjast með og viðhalda virkni og öryggi vara eða tengdrar þjónustu og til að tryggja gæðaeftirlit;
- (d) til að bæta virkni vöru eða tengdrar þjónustu sem gagnaeigandi býður upp á;
- (e) til að þróa og/eða rannsaka nýjar vörur eða tengda þjónustu, þar með talda gervigreindarlausnir (AI lausnir), af hálfu gagnaeiganda, þriðja aðila sem starfar fyrir hans hönd (þ.e. þar sem gagnaeigandi ákveður hvaða verkefni verða falin slíkum aðilum og nýtur af því ávinnings), í samstarfi við aðra aðila eða í gegnum sérstök fyrirtæki (svo sem samáhættufyrirtæki);
- (f) til að sameina þau öðrum gögnum eða búa til afleidd gögn, í lögmætum tilgangi, þar með talið í þeim tilgangi að selja eða gera slík samsteypt eða afleidd gögn aðgengileg þriðju aðilum, að því gefnu að slík gögn séu ekki þannig úr garði gerð að hægt sé að bera kennsl á einstök gögn sem gagnaeigandi fær send frá vörunum eða að þriðji aðili geti unnið slík gögn úr gagnasafninu; og ; og
- (g) til að framkvæma markaðsrannsóknir, markaðsgreininar og aðrar skyldar aðgerðir.

3.1.2 Aðilarnir eru sammála um að gagnaeigandi eigi rétt á að veita öðrum lögaðilum innan Suzuki Group („Suzuki lögaðilar“) rétt til að nota ópersónugreinanleg gögn í eigin tilgangi eins og kveðið er á um í 3.1.1. gr. (með því að skipta „gagnaeigandi“ út fyrir „Suzuki lögaðilar“, eftir því sem við á), óháð gagnaeiganda. Gagnaeigandi og Suzuki lögaðilum er heimilt að fela utanaðkomandi söluaðilum, birgjum og samstarfsaðilum að nota gögnin í þeim tilgangi sem kveðið er á um í 3.1. gr., að því gefnu að gagnaeigandi og Suzuki lögaðilar skuldbindi þriðja aðila samningslega til þess að miðla ekki þeim ópersónugreinanlegu gögnum sem þeim eru fengin.

## **3.2 Miðlun ópersónugreinanlegra gagna til þriðju aðila og notkun vinnsluþjónustu**

3.2.1 Gagnaeigandi má miðla gögnum til þriðja aðila sem teljast ekki persónuupplýsingar ef:

(a) Þriðji aðili notar gögnin eingöngu í eftirfarandi tilgangi:

i) til að aðstoða gagnaeiganda í þeim tilgangi sem heimilaður er samkvæmt 3.1. gr.; og

ii) til að ná fram þeim markmiðum sem heimil eru samkvæmt 3.1. gr., í samstarfi við gagnaeiganda eða í gegnum fyrirtæki sem stofnuð hafa verið í því skyni.

(b) Þriðji aðili skuldbindur sig gagnvart gagnaeiganda til þess að:

i) Nota ekki gögnin í öðrum tilgangi eða með nokkrum þeim hætti sem gengur lengra en heimiluð notkun á grundvelli 3.2.1. gr. (a); og

ii) Beita þeim verndarráðstöfunum sem krafist er samkvæmt 3.3.1. gr.

3.2.2 Gagnaeigandinn má ávallt styðjast við vinnsluþjónustu, t.d. skýjaþjónustur (þar með talið grunnvirki sem þjónusta, vettvangur sem þjónusta og hugbúnaður sem þjónusta), hýsingarþjónusta, eða svipaðar þjónustur í tengslum við samþykktan tilgang samkvæmt 3.1 gr. Þriðju aðilar mega einnig styðjast við slíkar þjónustur í tengslum við samþykktan tilgang samkvæmt 3.2.1. gr. (a).

## **3.3 Verndarráðstafanir gagnaeiganda**

3.3.1 Gagnaeigandi skuldbindur sig til að gera þær verndarráðstafanir í tengslum við gögnin sem sanngjarnar teljast í ljósi atvika, að teknu tillit til vísinda- og tækniþróunar hverju sinni, mögulegrar áhættu sem notandi verður fyrir í

kjölfar gagnataps eða miðlunar gagna til ósamþykktra þriðju aðila og kostnaðarins við verndarráðstafanir.

3.3.2 Gagnaeiganda er jafnframt heimilt að grípa til annarra viðeigandi tæknilegra verndarráðstafana til þess að koma í veg fyrir óheimilan aðgang að gögnum og til að tryggja að farið sé eftir skilmálunum.

3.3.3 Notandinn samþykkir að breyta ekki eða fjarlægja slíkar tæknilegar verndarráðstafanir nema með fyrir fram veittu skriflegu samþykki gagnaeiganda.

#### **4. Aðgangur notanda að gögnum eftir beiðni**

##### **4.1 Skylda til að gera gögn aðgengileg**

4.1.1 Gagnaeiganda ber að gera gögnin, ásamt viðeigandi lýsigögnum sem nauðsynleg eru til notkunar og túlkunar á gögnum, aðgengileg notanda að undangenginni beiðni notanda eða þriðja aðila sem kemur fram fyrir hans hönd. Þegar þriðji aðili kemur fram fyrir hönd notanda, skal sá aðili leggja fram gilt umboð eða annað viðeigandi skriflegt heimildarskjal sem staðfestir lögmætt umboð til að koma fram fyrir hönd notanda. Hægt er að leggja fram slíka beiðni með því að nota eyðublaðið eða með öðrum þeim hætti sem krafist er.

4.1.2 Gagneigandi skal veita notanda, sem telst ekki hinn skráði í skilningi persónuverndarlaga, aðgang að persónuupplýsingum einungis ef fyrir hendi er lagalegur grundvöllur fyrir slíkri miðlun samkvæmt 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 („GDPR”) og einungis, eftir atvikum, þegar skilyrði 9. gr. GDPR og 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2002/58/EB („tilskipun um friðhelgi einkalífs og rafræn fjarskipti”) eru uppfyllt.

Í því samhengi skal notandi, þegar hann telst ekki hinn skráði, tilgreina gagnaeiganda í sérhverri beiðni samkvæmt framangreindu ákvæði hver lagalegur grundvöllur vinnslunnar sé samkvæmt 6. gr. GDPR (og, eftir atvikum, viðeigandi undanþágum samkvæmt 9. gr. reglugerðarinnar og 3. mgr. 5. gr. tilskipunar um friðhelgi einkalífs og rafræn fjarskipti) þegar farið er fram á persónuupplýsingarnar.

4.1.3 Ef óskað eftir aðgangi að gögnum sem teljast til persónuupplýsinga, og gagnaeigandi telur notanda ekki hafa sýnt fram á með nægjanlegum hætti að notandinn sé annað hvort sjálfur hinn skráði eða að lögmætur grundvöllur sé fyrir slíkri vinnslu persónuupplýsinga, er gagnaeiganda heimilt að synja um afhendingu persónuupplýsinganna til notanda. Í slíkum tilvikum, má gagnaeigandi krefjast viðbótargagna frá notandanum til að sýna fram á hlítungu framangreinds ákvæðis 4.1.2. gr.

##### **4.2 Einkenni gagna og aðgangsfyrirkomlag**

4.2.1 Gagnaeiganda ber að gera gögnin aðgengileg notandanum, án endurgjalds, að lágmarki í sömu gæðum og þau verða aðgengileg gagnaeiganda, og í öllum tilvikum á ítarlegu, skipulögðu, almennt notuðu og tölvutæku formi ásamt viðeigandi lýsigögnum sem nauðsynleg eru til að túlka og nota umrædd gögn.

4.2.2 Gagnaeigandinn má nýta sér þjónustu þriðja aðila (þar á meðal þriðja aðila sem veitir gagnamiðlunarþjónustu eins og hún er skilgreind í 2. gr. reglugerðar (ESB) 2022/868 („gagnastjórnunarreglugerðin”) til að gera notanda kleift að neyta réttar síns samkvæmt ákvæði 4.1. gr. þessara skilmála. Slíkur þriðji aðili telst ekki vera gagnabeigi í skilningi gagnareglugerðarinnar, nema hann vinni gögnin í eigin atvinnuskyni. .

4.2.3 Notandi skal eiga greiðan og öruggan aðgang að gögnum í samræmi við 4. gr. gagnareglugerðarinnar. .

4.2.4 Gagnaeigandi skal, án endurgjalds, veita notanda þau úrræði og þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til aðgangs að gögnum í samræmi við 4. gr. gagnareglugerðarinnar.

### **4.3 Ábyrgð**

4.3.1 Gagnaeigandi ábyrgist að gögnin hafi þá eiginleika sem tilgreindir eru í 4.2.1. gr. hér að framan. Þessi ábyrgð er takmörkuð og kemur í stað allra annarra yfirlýsinga og ábyrgða, beinna eða óbeinna, og gagnaeigandi vísar á bug og útilokar alla óbeina ábyrgð á söluhæfni og ábyrgð á hæfni til tiltekins notkunartilgangs, þar með talið, en ekki útilokað við, þann tilgang sem tilgreindur er í 6.1 gr,

4.3.2 Notandinn viðurkennir og samþykkir að gögnin eru veitt á „eins og þau eru“ grundvelli, og að gagnaeigandi veitir engar ábyrgðir, beinar eða óbeinar, um nákvæmni, fullkomnun, áreiðanleika, gildi gagnanna eða að gögnin séu uppfærð í samræmi við nýjustu stöðu þeirra, umfram það sem slík gögn eru tiltæk gagnaeiganda. Þar sem gögnin, sem deild eru með notanda, eru í grunninn hrá gögn sem fengin eru frá tækjum varanna án frekari vinnslu eða staðfestingar af hálfu gagnaeiganda, gæti verið að gögnin endurspegli ekki raunverulega stöðu varanna, gætu innihaldið rangar eða villandi upplýsingar og/eða hluti gagnanna kann að vanta.

### **4.4 Tímalengd gagnadeilingar**

4.4.1 Ef um staka gagnadeilingu er að ræða, skal gagnaeigandi gera gögnin aðgengileg notandanum innan hæfilegs tíma eftir að samningur um gagnadeilingu hefur verið gerður á milli aðila..

4.4.2 Ef um reglulega gagnadeilingu er að ræða, skal gagnaeigandi gera gögnin aðgengileg notandanum fyrir það tímabil sem sérstaklega er samið um á milli aðila.

### **4.5 Einhliða breytingar af hálfu gagnaeiganda**

Gagnaeigandi getur einhliða breytt nákvæmum lýsingum á einkennum gagnanna eða aðgangsfyrirkomulaginu ef það telst réttlæt看legt með vísan til almennra viðskiptahátta gagnaeiganda – til dæmis vegna tæknilegrar breytingar vegna skyndilegs öryggisveikleika í vörulínu eða tengdri þjónustu eða breytinga á innviðum gagnaeiganda. Allar breytingar skulu uppfylla kröfur 4.2.1. gr. og 4.2.3. gr. Gagnaeiganda ber að tilkynna notanda um breytinguna með sanngjörnum fyrirvara áður en hún tekur gildi. Styttri fyrirvari nægir:

(a) Þegar breytingin hefur ekki neikvæð áhrif á gagnaaðgengi og notkun notanda; eða

(b) Þar sem slík tilkynning væri ómöguleg eða ósanngjörn miðað við aðstæður, s.s. þegar þörf er á tafarlausum breytingum vegna öryggisveikleika sem hefur nýlega komið upp.

### **4.6 Upplýsingar um aðgang notanda**

Gagnaeigandi skuldbindur sig til að varðveita engar upplýsingar um aðgang notanda að umbeðnum gögnum umfram það sem nauðsynlegt er:

(a) til að vinna úr (i) aðgangsbeiðni notanda og (ii) framfylgja þessum skilmálum;

(b) til að tryggja öryggi og varðveislu gagnainnviða; og

(c) til að uppfylla lagaskyldur sem hvíla á gagnaeiganda um að varðveita slíkar upplýsingar.

## **5. Vernd viðskiptaleyndarmála**

### **5.1 Viðmið fyrir viðskiptaleyndarmál**

- 5.1.1 Þær verndarráðstafanir sem kveðið er á um í 5.2. og 5.3. gr. skilmálanna, sem og tilheyrandi réttindi samkvæmt 5.4. gr. skilmálanna, eiga eingöngu við um gögn eða lýsigögn sem felast í þeim gögnum sem gagnaeigandi veitir notanda aðgang að, sem njóta verndar sem viðskiptaleyndarmál (eins og viðskiptaleyndarmál eru skilgreind í tilskipun (ESB) 2016/943 um viðskiptaleyndarmál), sem gagnaeigandi eða annar handhafi viðskiptaleyndarmáls ræður yfir (eins og skilgreint er í umræddri tilskipun).
- 5.1.2 Gagnaeigandi getur, að eigin vild, neitað að miðla gögnum sem njóta verndar sem viðskiptaleyndarmál (hér eftir „auðkennd viðskiptaleyndarmál“). Þrátt fyrir framangreint, ber gagnaeiganda að tilgreina slík gögn sérstaklega sem slík ef gagnaeigandi ákveður að miðla auðkenndum viðskiptaleyndarmálum.
- 5.1.3 Gagnaeigandi lýsir því hér með yfir gagnvart notanda að hann hafi allar viðeigandi heimildir og önnur réttindi frá þriðja aðila sem telst handhafi viðskiptaleyndarmála til þess að ganga til samnings samkvæmt þessum skilmálum um viðkomandi auðkennd viðskiptaleyndarmál, auk tengdra réttinda og skyldna samkvæmt skilmálunum
- 5.1.4 Skyldur þær sem kveðið er á um í 5.2. gr. og 5.3. gr. halda gildi sínu eftir uppsögn þessara skilmála, nema um annað hafi sérstaklega verið samið á milli aðila.

### **5.2 Verndarráðstafanir notanda**

- 5.2.1 Notandinn skal beita þeim verndarráðstöfunum sem gagnaeigandi tilgreinir sérstaklega (hér eftir „auðkenndar verndarráðstafanir notanda vegna viðskiptaleyndarmála“).
- 5.2.2 Ef notanda er heimilað að veita þriðja aðila aðgang að gögnum sem njóta verndar sem viðskiptaleyndarmál, skal notandinn tilkynna gagnaeiganda að auðkennd viðskiptaleyndarmál hafi verið eða verði veitt þriðja aðila, tilgreina um hvaða gögn er að ræða, og gefa upp hver þriðji aðilinn er og samskiptaupplýsingar hans.
- 5.2.3 Til að sannreyna hvort og að hve miklu leyti notandi hafi innleitt og viðhaldið auðkenndum verndarráðstöfunum notanda vegna viðskiptaleyndarmála, samþykkir notandinn annaðhvort, að vali gagnaeiganda, (i) að afla árlega, á kostnað notanda, úttektarskýrslu um öryggissamræmi frá óháðum þriðja aðila sem notandi velur, eða (ii) að leyfa árlega, á kostnað notanda, að slíkt mat fari fram af óháðum þriðja aðila sem gagnaeigandi velur. Niðurstöður úttektarskýrslna skulu afhentar báðum aðilum án ótilhlýðlegrar tafar.
- 5.2.4 Notandinn viðurkennir hér með að viðskiptaleyndarmál sem vísað er til í 5. gr. skilmálanna geta falið í sér viðskiptaleyndarmál í eigu þriðju aðila annarra en gagnaeiganda, til dæmis tengdra félaga hans, birgja, kerfissala og annarra viðskiptafélaga. Nema um annað sé sérstaklega samið á milli aðila skulu gögn sem teljast viðskiptaleyndarmál slíkra þriðju aðila njóta sömu verndar og viðskiptaleyndarmál gagnaeiganda, og ber notandinn ábyrgð á tjóni sem slíkir þriðju aðilar kunna að verða fyrir vegna vanrækslu á innleiðingu eða viðhaldi auðkenndra verndarráðstafana notanda vegna viðskiptaleyndarmála.

### **5.3 Verndarráðstafanir gagnaeiganda**

- 5.3.1 Gagnaeigandi má grípa til allra tæknilegra og öryggisverndarráðstafana sem hann telur viðeigandi til að varðveita



trúnað þeirra auðkenndu viðskiptaleyndarmála sem miðlað er eða á annan hátt veittur aðgangur að (hér eftir „auðkenndar ráðstafanir gagnaeiganda vegna viðskiptaleyndarmála”). .

5.3.2 Gagnaeigandi getur einnig einhliða bætt við tækni- og skipulagslegum verndarráðstöfunum, svo lengi sem þær hafa ekki neikvæð áhrif á aðgang notanda að gögnunum og notkun þeirra samkvæmt skilmálunum.

5.3.3 Notandinn skuldbindur sig til að breyta ekki né fjarlægja slíkar auðkenndar verndarráðstafanir gagnaeiganda vegna viðskiptaleyndarmála, nema um annað hafi sérstaklega verið samið á milli aðila.

#### **5.4 Réttur til að hafna, halda eftir eða stöðva**

5.4.1 Ef auðkenndar verndarráðstafanir notanda vegna viðskiptaleyndarmála og auðkenndar verndarráðstafanir gagnaeiganda vegna viðskiptaleyndarmála nægja ekki að efni til til að vernda tiltekið auðkennt viðskiptaleyndarmál á fullnægjandi hátt, getur gagnaeigandi, með því að tilkynna notanda og veita nákvæma lýsingu á ófullnægjandi verndarráðstöfunum:

- (a) einhliða aukið verndarráðstafanir varðandi umrætt auðkennt viðskiptaleyndarmál; eða
- (b) farið þess á leit að samið verði um viðbótarverndarráðstafanir sem notandinn skuli grípa til.

5.4.2 Gagnaeigandi á rétt á að halda eftir eða stöðva tímabundið miðlun tiltekinna auðkenndra viðskiptaleyndarmála ef:

- (a) notandinn vanrækir að innleiða og viðhalda slíkum viðbótar tæknilegum eða skipulagslegum ráðstöfunum;
- (b) gagnaeigandi getur, undir sérstökum kringumstæðum, sýnt fram á að miklar líkur séu á að þau verði fyrir alvarlegu efnislegu tjóni vegna miðlunar tiltekins auðkennds viðskiptaleyndarmáls til notanda, þrátt fyrir að auðkenndar verndarráðstafanir notanda, og eftir atvikum gagnaeiganda, hafi verið innleiddar; eða
- (c) notandi vanrækir að innleiða og viðhalda eigin auðkenndum verndarráðstöfunum vegna viðskiptaleyndarmála og sú vanræksla er nægilega rökstudd af hálfu gagnaeiganda, t.d. í öryggisúttektarskýrslu frá óháðum þriðja aðila.

#### **5.5 Framleiðslulok og eyðing brotlegra vara**

Ef notandi breytir eða eyðir tæknilegum verndarráðstöfunum sem gagnaeigandi hefur innleitt eða viðheldur ekki tæknilegum og skipulagslegum ráðstöfunum sem hann hefur komið á á grundvelli samkomulags við gagnaeiganda í samræmi við ákvæði 5.2. gr. og 5.3. gr., er gagnaeiganda, með fyrirvara um önnur úrræði sem standa honum til boða samkvæmt skilmálum þessum og gildandi lögum, heimilt að krefja notanda um eftirfarandi:

- (a) að eyða þeim gögnum sem gagnaeigandi hefur veitt aðgang að, eða afritum þeirra; og/eða
- (b) að stöðva framleiðslu, tilboð eða sölu á markaði, eða notkun vöru, afleiddra gagna eða þjónustu sem byggist á þekkingu fenginni með aðgangi að auðkenndum viðskiptaleyndarmálum, eða innflutning, útflutning eða geymslu á brotlegum vörum í þessum tilgangi, og eyða öllum brotlegum vörum, þegar veruleg hættu er á að ólögmæt notkun slíkra gagna valdi gagnaeiganda eða rétthafa viðskiptaleyndarmáls verulegu tjóni, eða þegar slík aðgerð telst ekki ósanngjörn með hliðsjón af hagsmunum gagnaeiganda eða rétthafa viðskiptaleyndarmáls; og/eða
- (c) að bæta aðila sem verður fyrir tjóni vegna misnotkunar eða ólögmætrar miðlunar á slíkum gögnum sem hafa verið fengin með ólögmætum hætti eða verið notuð án heimildar.

### **6. Notkun gagna af hálfu notanda**

#### **6.1 Leyfileg notkun og miðlun gagna**

Notanda er heimilt að nota þau gögn sem gagnaeigandi gerir honum aðgengileg í hvaða lögmæta tilgangi sem er

og/eða miðla þeim af frjálsum vilja, með fyrirvara um eftirfarandi takmarkanir.

## 6.2 Óheimil notkun og miðlun gagna

6.2.1 Notandi skuldbindur sig til að gera ekki eftirfarandi:

- (a) nota gögnin til að þróa, framleiða eða selja tengda vöru eða skyldar þjónustur sem eru í samkeppni við vörurnar eða tengdar þjónustur, né að miðla gögnunum til þriðja aðila í því skyni;
- (b) nota slík gögn til að draga ályktanir um efnahagslega stöðu, eignir og framleiðsluaðferðir framleiðanda eða, eftir atvikum, gagnaeyganda;
- (c) beita þvingandi aðferðum til að fá aðgang að gögnunum, nota í þeim tilgangi veikleika í tæknilegum innviðum gagnaeyganda sem ætlað er að verja gögnin, m.a. frá öflun, notkun, eða óheimilli miðlun eða notkun persónuupplýsinga;
- (d) miðla gögnunum til hvers konar þriðja aðila, þar á meðal en ekki útilokað við þá sem teljast lykilaðilar (e. gatekeeper) í skilningi 3. gr. tilskipunar (ESB) 2022/1925 („reglugerð um stafræna markaði”) (miðlun gagna til þriðja aðila skal ávallt fara fram af hálfu gagnaeyganda samkvæmt ákvæði 7. gr.);
- (e) nota gögnin í þeim tilgangi sem brýtur í bága við Evrópulöggjöf eða gildandi landslög;;
- (f) nota gögnin í þeim tilgangi að brjóta gegn réttindum þriðja aðila;
- (g) nota gögnin á þann hátt sem hefur neikvæð áhrif á öryggi vörunnar eða tengdu þjónustunnar;
- (h) sækja um einkaleyfi eða skrá vörumerki á grundvelli notkunar gagnanna; og
- (i) breyta eða eiga við gögnin í hvaða tilgangi sem er.

6.2.2 Gagnaeygandi getur, að eigin vild, synjað um miðlun gagna sem gætu grafið undan öryggisráðstöfunum fyrir vörurnar eða skyldar þjónustur, eins og þær eru skilgreindar í Evrópulöggjöf eða landslögum, ef slíkt gæti haft alvarleg neikvæð áhrif á heilsu, öryggi eða velferð einstaklinga. Sem dæmi má nefna gögn sem hægt væri að nota til að komast fram hjá auðkenningu sem krafist er samkvæmt lögum og sem gæti leitt til óvæntrar stjórnunar ökutækis eða þjófnaðar þess.

## 7 Miðlun gagna að beiðni notanda til gagnaþega

### 7.1 Gögn gerð aðgengileg gagnaþega

7.1.1 Gagnaeyganda ber að gera gögnin, ásamt viðeigandi lýsigögnum sem nauðsynleg eru til notkunar og túlkunar á gögnunum, aðgengileg gagnaþega, án endurgjalds fyrir notanda, að undangenginni beiðni notanda eða fulltrúa hans. Þegar þriðji aðili kemur fram fyrir hönd notanda, skal sá aðili leggja fram gilt umboð eða annað viðeigandi skriflegt heimildarskjal sem staðfestir lögmætt umboð til að koma fram fyrir hönd notanda. Hægt er að leggja fram slíka beiðni með því að nota eyðublaðið eða með öðrum þeim hætti sem krafist er. .

7.1.2 Að beiðni notanda, sem ekki telst hinn skráði í skilningi persónuverndarlaga, skal gagnaeygandi veita þriðja aðila aðgang að persónuupplýsingum ef fyrir hendi er lagalegur grundvöllur fyrir slíkri miðlun samkvæmt 6. gr. GDPR, og einungis, eftir atvikum, þegar skilyrði 9. gr. GDPR og 3. mgr. 5. gr. tilskipunar um friðhelgi einkalífs og rafræn fjarskipti eru uppfyllt.

Í því samhengi skal notandi, þegar hann telst ekki hinn skráði, tilgreina gagnaeyganda í sérhverri beiðni samkvæmt framangreindu ákvæði hver lagalegur grundvöllur vinnslunnar sé samkvæmt 6. gr. GDPR (og, eftir atvikum, viðeigandi undanþágum samkvæmt 9. gr. reglugerðarinnar og 3. mgr. 5. gr. tilskipunar um friðhelgi einkalífs og rafræn fjarskipti) þegar farið er fram á persónuupplýsingarnar.

- 7.1.3 Ef óskað eftir aðgangi að gögnum sem teljast til persónuupplýsinga, og gagnaeigandi telur notanda ekki hafa sýnt fram á með nægjanlegum hætti að notandinn sé annað hvort sjálfur hinn skráði eða að lögmætur grundvöllur sé fyrir slíkri vinnslu persónuupplýsinga, er gagnaeiganda heimilt að synja um afhendingu persónuupplýsinganna til þriðju aðila. Í slíkum tilvikum, má gagnaeigandi krefjast viðbótargagna frá notandanum til að sýna fram á hlítingu ákvæðis 7.1.2. gr.
- 7.1.4 Gagnaeiganda ber að gera gögnin aðgengileg gagnabega, án endurgjalds, að lágmarki í sömu gæðum og þau verða aðgengileg gagnaeiganda, og í öllum tilvikum á ítarlegu, skipulögðu, almennt notuðu og tölvutæku formi ásamt viðeigandi lýsigögnum sem nauðsynleg eru til að túlka og nota umrædd gögn
- 7.1.5 Þegar notandi leggur fram slíka beiðni, ber gagnaeiganda að semja við gagnabega um fyrirkomulag miðlunar gagnanna á sanngjarnan, réttlátan og óhlutdrægan hátt og á gagnsæjan hátt í samræmi við þriðja og fimmta kafla gagnareglugerðarinnar.
- 7.1.6 Notandi viðurkennir að beiðni samkvæmt ákvæði 7.1. gr. getur ekki nýst þriðja aðila sem telst lykilaðilar (e. gatekeeper) samkvæmt 3. gr. reglugerðar um stafræna markaði og getur ekki verið lögð fram í tengslum við prófanir á nýjum vörum, efnum eða aðferðum sem hafa ekki verið sett á markað. .

## **8 Framsal notkunarréttar og margir notendur**

### **8.1 Framsal notkunarréttar**

8.1.1 Þegar notandi framselur með samningi (i) eignarhald á vöru, eða (ii) tímabundinn notkunarrétt sinn á vöru, og/eða (iii) rétt sinn til að hljóta skylda þjónustu, til annars einstaklings eða lögaðila („síðari notandi”), og missir í kjölfarið stöðu sína sem notandi til síðari notanda, skuldbinda aðilar sig til þess að fylgja þeim skilyrðum sem þessi liður setur.

8.1.2 Notandi skal:

- (a) Tryggja að síðari notanda geti ekki notað upphaflegan aðgang notanda; og
- (b) Tilkynna gagnaeiganda um framsalið.

8.1.3 Réttindi gagnaeiganda til að nota vörugögn eða tengd þjónustugögn sem voru búin til fyrir framsalið verða ekki fyrir áhrifum af slíkum flutningi (þ.e. réttindi og skyldur sem tengjast gögnum sem voru framseld samkvæmt samningi fyrir framsalið halda gildi sínu að því loknu).

### **8.2 Margir notendur**

8.2.1 Þegar upphaflegi notandinn veitir öðrum aðila („viðbótaraðili”) notkunarrétt yfir vöru og/eða tengdri þjónustu, án þess að missa stöðu sína sem notandi, skuldbinda aðilar sig til þess að fylgja þeim skilyrðum sem þessi liður setur.

8.2.2 Notandinn skal:

- (a) fella inn í samning milli notandans og viðbótaraðilans fyrir hönd gagnaeiganda, frá og með framsalsdegi, ákvæði sem endurspeglar nokkurn veginn innihald þessara skilmála, og einkum ákvæði 3. gr. um notkun og miðlun gagna sem tengjast vöru og/eða tengdri þjónustu af hálfu gagnaeiganda; og

(b) koma fram sem fyrsti tengiliður fyrir viðbótaraðila ef hann leggur fram beiðni samkvæmt 4. eða 5. gr. gagnareglugerðarinnar eða kvörtun sem varðar notkun eða aðgengi að gögnum frá gagnaeiganda samkvæmt þessum skilmálum. Tilkynna skal gagnaeiganda um slíka beiðni eða kvörtun án ótilhlýðilegrar tafar, og skulu aðilar vinna í sameiningu að því að bregðast við sérhverri beiðni eða kvörtun.

### **8.3 Ábyrgð upphaflegs notanda**

Ef vanefnd notandans á skyldum sínum samkvæmt ákvæðum 8.1. gr. eða 8.2. gr. leiðir til þess að gagnaeigandi noti og miðli gögnum um vöru eða skylda þjónustu án þess að samningur liggja fyrir við síðari notanda eða viðbótaraðila, skal notandinn bæta gagnaeiganda tjón og halda honum skaðlausum vegna allra krafna sem síðari notanda eða viðbótaraðili kann að hafa uppi gagnvart gagnaeiganda vegna notkunar gagnanna eftir framsalið.

## **9 Gildistökudagur, gildistími og uppsögn skilmálanna**

### **9.1 Gildistími og uppsögn**

9.1.1 Þessir skilmálar taka þegar gildi við samþykki og skulu halda gildi sínu um óákveðinn tíma, með fyrirvara um forsendur fyrir uppsögn eða lok gildistíma samkvæmt skilmálunum.

9.1.2 Þessir skilmálar hætta að gilda á milli aðila:

(a) við eyðingu vörunnar eða þegar skyldri þjónustu er varanlega hætt, eða þegar varan eða skyld þjónusta er tekin úr notkun eða tapar varanlega getu sinni til að mynda gögn; (b) þegar notandi missir eignarhald á vörunni eða þegar réttur notanda til notkunar á vörunni samkvæmt leigu-, afnota- eða sambærilegum samningi eða réttur hans til skyldrar þjónustu fellur niður; (c) þegar báðir aðilar eru sammála um það, með eða án þess að nýir skilmálar komi í stað þessara. Ákvæði (b) og (c) liða hafa ekki áhrif á áframhaldandi gildi samnings milli gagnaeiganda og hvers kyns síðari notanda eða viðbótaraðila.

### **9.2 Áhrif uppsagnar**

9.2.1 Uppsögn þessara skilmála leysir báða aðila undan skyldu til að inna af hendi eða taka við framtíðarskyldum, en hefur ekki áhrif á réttindi og skuldbindingar sem hafa stofnast fram að þeim tímapunkti sem uppsögn á sér stað. Uppsögn hefur ekki áhrif á þau ákvæði í þessum skilmálum sem eiga að halda gildi sínu eftir uppsögn, einkum 11.1. gr. um trúnað, 11.2. gr. um gildandi lög og 11.4. gr. um lausn deilumála, sem halda fullu gildi sínu og áhrifum.

9.2.2 Uppsögn skilmálanna skal hafa eftirfarandi áhrif:

(a) Gagnaeigandi hættir þegar í stað að sækja þau gögn sem myndast eða eru skráð frá og með dagsetningu uppsagnar; og (b) Gagnaeigandi heldur áfram að eiga rétt á að nota og miðla þeim gögnum sem mynduðust eða voru skráð fyrir dagsetningu uppsagnar eða lok gildistíma, eins og kveðið er á um í þessum skilmálum.

## **10 Úrræði vegna brota á þessum skilmálum**

10.1 Ef notandi brýtur gegn skilmálunum eða vanefnir skyldur sínar samkvæmt þeim, getur gagnaeigandi:

(a) krafist þess að notandinn uppfylli skyldur sínar samkvæmt skilmálunum án ótilhlýðilegrar tafar, nema slíkt fari gegn lögum;

(b) krafist þess að notandinn eyði þeim gögnum sem hann hefur fengið aðgang að eða notað í bága við skilmálana, ásamt öllum afritum þeirra;

(c) krafist skaðabóta vegna fjárhagslegs tjóns sem rekja má til vísitandi eða gáleysislegrar vanefndar notandans.

10.2 Gagnaeygandi getur einnig stöðvað miðlun gagnanna til notanda þar til notandi uppfyllir skuldbindingar sínar, með því að veita rökstudda tilkynningu þar að lútandi til notanda án ótilhlýðilegrar tafar:

(i) ef vanefnd notanda telst veruleg;

(ii) að því gefnu, eftir því sem við á, að öll önnur skilyrði 5.4.2. gr. séu uppfyllt.

10.3 Ef notandi vanrækir skyldur sínar samkvæmt þessum skilmálum skal hann í öllum tilvikum greiða þær sektir sem gagnaeygandi telur skaðabætur í skilningi (c) liðar 10.1. gr. skilmálanna. Sektarfjárhæðin skal samsvara þeim kostnaði sem almennt hlýst af slíku broti eða vanefnd. Notandinn á rétt á að sýna fram á að ekkert tjón hafi orðið eða að það sé þeim mun minna en sú sektarfjárhæð sem gagnaeygandi fer fram á.

## 11 Almenn ákvæði

### 11.1 Trúnaðarskylda

11.1.1 Eftirfarandi upplýsingar skulu teljast trúnaðarupplýsingar:

(a) allar upplýsingar sem gagnaeygandi veitir notanda í tengslum við samráð varðandi fyrirkomulag gagnaáðgengis, þar með talið, en ekki takmarkað við, flokka og innihald gagnanna sem gagnaeygandi sækir úr vörum sínum eða tengdri þjónustu, og öryggisráðstafanir sem gagnaeygandi hefur gripið til;

(b) upplýsingar sem varða viðskiptaleyndarmál eða aðra þætti í starfsemi hins aðilans, nema sá aðili hafi gert upplýsingarnar opinberar;

(c) upplýsingar sem varða notandann sjálfan; og

(d) upplýsingar sem varða framkvæmd þessara skilmála og hvers kyns ágreining eða frávík sem kunna að koma upp við framkvæmdina.

11.1.2 Báðir aðilar skuldbinda sig til að gera allar sanngjarnar ráðstafanir til að varðveita og tryggja trúnað um þær upplýsingar sem um getur í 11.1.1. gr. og að veita engum þriðja aðila aðgang að þeim eða upplýsa um þær, nema annar hvor aðili: (a) hafi fyrirfram aflað skriflegs samþykkis hins aðilans eða (b) hafi heimild til þess samkvæmt skilmálum þessum. Þrátt fyrir framangreint er hvorum aðila heimilt að miðla trúnaðarupplýsingum til (i) kerfisseljanda sem aðilinn felur vinnslu gagna eða kerfisþróun, (ii) vöru- og þjónustubirgja sinna (í tilviki gagnaáðila, þar á meðal, en ekki takmarkað við, framleiðendur bílatölva og greiningartækja fyrir vörurnar), (iii) faglegra ráðgjafa, svo sem lögfræðinga og ráðgjafa, með því skilyrði að viðkomandi aðili beri ábyrgð gagnvart hinum aðilanum á því að þessir þriðju aðilar verndi trúnaðarupplýsingarnar.

11.1.3 Trúnaðarskyldur samkvæmt skilmálum þessu haldast eftir lok þeirra (i) í fimm (5) ár fyrir trúnaðarupplýsingar, aðrar en viðskiptaleyndarmál, og (ii) í ótilgreindan tíma fyrir auðkennd viðskiptaleyndarmál.

### 11.2 Gildandi lög

Um þessa skilmála gilda japönsk lög, að undanskildum ákvæðum um lagaskil. Ef notandi telst hins vegar vera neytandi og notandi hefur fasta búsetu í aðildarríki EES, standa ófrávíkjanleg landslög þess aðildarríkis óhöggð og halda áfram gildi sínu óháð framangreindu.

### 11.3 Breytingar

Gagnaeganda er heimilt að breyta þessum skilmálum hvenær sem er, að eigin frumkvæði. Gagnaegandi mun tilkynna notanda um slíkar breytingar áður en þær taka gildi. Breytingarnar verða bindandi: (a) ef aðilar samþykkja þær sérstaklega, eða, þar sem við á, (b) að liðnum eðlilegum fyrirvara, nema notandi mótmælir skriflega áður en breytingarnar taka gildi.

#### **11.4 Lausn deilumála**

- 11.4.1 Aðilar sammælast um að reyna til hins ítrasta að leysa deilur sín á milli með friðsamlegum hætti og að leggja ágreining sinn fyrir viðeigandi úrlausnaraðila í aðildarríki EES sem uppfyllir skilyrði 10. gr. gagnareglugerðarinnar, áður en málið er borið undir dómstóla eða gerðardóm.
- 11.4.2 Með því að leggja ágreining fyrir úrlausnaraðila í samræmi við 11.4.1. gr. er ekki staðið í vegi fyrir rétti notanda til að leggja fram kvörtun hjá viðeigandi lögbæru landsyfirvaldi samkvæmt 37. gr. gagnareglugerðarinnar.
- 11.4.3 Ef ekki tekst að leysa úr deilumáli í samræmi við 11.4.1. gr. skal ágreiningurinn heyra undir gerðardóm í Tókýó, samkvæmt skriflegri beiðni aðila, samkvæmt reglum Japönsku gerðardómsstofnunarinnar (e. Japan Commercial Arbitration Association) um viðskiptalegan gerðardóm, sem í gildi eru á þeim tíma. Þrír (3) gerðarmenn skulu skipaðir í samræmi við þær reglur. Málsmeðferð skal fara fram á ensku. Ef reglurnar kveða ekki sérstaklega á um ákveðin atriði getur gerðardómurinn ákveðið málsmeðferðina. Niðurstaða gerðardóms er endanleg og bindandi fyrir aðila sem taka þátt í málinu og er heimilt að leita með niðurstöðuna til viðeigandi dómstóls til fullnustu hennar. Hins vegar, ef notandi er neytandi og hefur fasta búsetu í aðildarríki EES, skulu slík ágreiningsmál rekin fyrir almennum dómstólum.
- 11.4.4 Komi til árekstra milli skilmála þessara og skilmála samninga um vörur og/eða skyldar þjónustur, skulu þessir skilmálarnir ganga frammar. Ef aðilar koma sér sérstaklega saman í samningi um vörurnar og/eða tengda þjónustu um að tiltekið ákvæði í samningnum skuli gilda frammar þessum skilmálum, skal það ákvæði þó ganga frammar.